REGLUR

um breytingu á reglum um fjárframlög til háskóla, nr. 755/2024.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 3. gr. reglnanna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning fjárframlaga vegna kennslu samkvæmt II. kafla reglna þessara skal aðeins taka tillit til lokinna eininga og brautskráninga nemenda sem hafa ríkisfang frá aðildarlandi Evrópska efnahagssvæðisins (EES) eða Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Sama gildir um nemendur frá Færeyjum og Grænlandi. Þessi takmörkun á þó ekki við um nemanda sem:

a. er með ótímabundið dvalarleyfi, sbr. 58. gr. laga um útlendinga, eða dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar sem nánasti aðstandandi handhafa ótímabundins dvalarleyfis, sbr. 69. gr. sömu laga,

b. er með dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar við íslenskan ríkisborgara, sbr. 69. gr. laga um útlendinga, eða nýtur dvalarréttar sem aðstandandi EES- eða EFTA-borgara samkvæmt XI. kafla sömu laga,

c. er handhafi dvalarleyfis á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða mannúðarsjónarmiða, sbr. 73. gr og 74. gr. laga um útlendinga,

d. á rétt til undanþágu frá skólagjöldum við háskóla samkvæmt alþjóðasamningi sem Ísland er bundið af,

e. stundar nám við íslenska háskóla í gegnum alþjóðlegar samstarfsáætlanir eða alþjóðleg háskólanet,

f. stundar nám við íslenska háskóla á grundvelli alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands,

g. stundar doktorsnám við íslenska háskóla,

h. er undanþeginn skólagjöldum samkvæmt ákvörðun háskóla um niðurfellingu skólagjalda í reglum sem háskólarnir setja í samræmi við fjárheimildir í fylgiriti með fjárlögum hvers árs,

i. hefur dvalarleyfi vegna atvinnuþátttöku samkvæmt 61. eða 62. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016 og sinnir annaðhvort beinni meðferð eða umönnun sjúklinga sem heilbrigðisstarfsmaður í skilningi laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, eða kennslu-, uppeldis- eða umönnunarstörfum í leikskóla eða grunnskóla, enda stundi hann diplómunám í íslensku sem öðru máli á háskólastigi.

Háskólar setja nánari reglur um úthlutun og gildistíma niðurfellingar skólagjalda samkvæmt h-lið.

2. gr.

6. gr. reglnanna breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Brautskráningar á háskólaþrepum ISQF 5.1; 5.2; 6.1; 6.2 og 7.1.

Greiða skal háskólum vegna brautskráðra nemenda af háskólaþrepum ISQF 5.1; 5.2; 6.1; 6.2 og 7.1 í samræmi við 1. mgr. 4. gr. reglna þessara. Við útreikning á greiðslu vegna brautskráninga úr háskólum skv. 1. mgr. skal miða við meðaltal brautskráninga úr viðkomandi háskóla undanfarinna tveggja háskólaára (þannig skal til

dæmis fyrir fjárlög 2025 taka mið af meðaltali brautskráninga úr háskólum fyrir háskólaárin 2022-2023 og 2023-2024) og eftirfarandi stuðlum eftir prófgráðum:

a. Diplómapróf, stuðull 0,2.

b. Bakkalárgráða, stuðull 1.

c. Lokapróf á meistarastigi og önnur meistarapróf, stuðull 1,5.

d. Meistaragráða, stuðull 2.

e. Meistarapróf á doktorsstigi (Master of Philosophy), stuðull 2.

f. Ekki skal greiða fyrir nám sem fellur undir 23. gr. a. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og 4. mgr. 19. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

3. gr.

7. gr. reglnanna orðast svo:

Fjárframlögum vegna rannsókna í samræmi við b-lið 1. mgr. 3. gr. reglna þessara skal skipt hlutsfallslega niður í þrjá flokka sem hér segir:

1. Birtingatölfræði, 55%.

2. Brautskráningar af háskólaþrepi ISQF 7.2, 15%.

3. Erlendir styrkir, 30%.

4. gr.

11. gr. reglnanna orðast svo:

Greiða skal háskólum vegna samfélagslegs hlutverks í samræmi við c-lið 1. mgr. 3. gr. reglna þessara. Fjárframlögum vegna samfélagslegs hlutverks skal skipta niður í sjö flokka sem hér segir:

1. Efling byggða, 14%.

2. Stefna háskóla og áherslugreinar, 39,6%.

3. Stuðningur við fámennar, mikilvægar grunngreinar, 4,6%.

4. Kennsluauki, 20%.

5. Rannsóknarauki, 21,8%.

Fjárframlög vegna samfélagslegs hlutverks eru stefnubundnar fjárveitingar þar sem forsendur innan flokka skulu endurskoðaðar og birtar árlega í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga í samræmi við 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

5. gr.

Við reglurnar bætast tvö ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

I.

Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. 3. gr. skal við útreikning fjárframlaga vegna kennslu samkvæmt II. kafla reglna þessara áfram taka tillit til lokinna eininga og brautskráninga nemenda sem hófu nám á tiltekinni námsleið við íslenskan háskóla fyrir upphaf háskólaársins 2027–2028, enda haldi þeir rétti til áframhaldandi náms á þeirri námsleið samkvæmt reglum viðkomandi háskóla um námsframvindu, þar til námi á námsleiðinni lýkur.

II.

Þrátt fyrir 1. mgr. 11. gr. skal fjárframlag vegna samfélagslegs hlutverks vegna fjárlaga 2027 skiptast þannig að hlutfall vegna innleiðingar sé 2,4%, eflingar byggða sé 12,8%, stuðnings við fámennar, mikilvægar grunngreinar sé 4%, og rannsóknarauka sé 21,2%.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 22. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. reglna þessara koma þó fyrst til framkvæmda vegna lokinna eininga og brautskráninga sem falla til á háskólaárinu 2027–2028 eða síðar, með þeim fyrirvörum sem leiða af ákvæði til bráðabirgða.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu, 16. nóvember 2026.

Logi Einarsson.

Sigríður Valgeirsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 16. nóvember 2026